

KOMDU OG SKOÐAÐU UMHVERFIÐ – KENNSLULEIÐBEININGAR

MARKMIÐ – NOTKUN EFNISINS Í NOKKUR ÁR

Námsefnið *Komdu og skoðaðu umhverfið* er ætlað yngstu nemendum grunnskólans. Námsefnið á að vekja áhuga og athygli á skólanum og nágrenni hans, bæði manngerðu umhverfi og náttúru, og koma með hugmyndir um hvernig má skoða sig um á markvissan hátt og upplifa og læra um umhverfi sitt. Fléttað er saman markmiðum úr náttúrufræði, samfélagsfræði og landafræði, fyrst og fremst þeim sem teljast til 1. þreps. Efnið er einkum ætlað nemendum sem eru að hefja skólagöngu en bent er á þann möguleika að nota það í upphafi skólaárs fyrstu þrjú árin og í hvert sinn auka og dýpka einstaka námsþætti enda snertir efnið á fjölmörgum áfangamarkmiðum sem nemendur eiga að hafa náð í 4. bekk grunnskólans.

Fyrstu blaðsíður bókarinnar (bls. 1–6), og verkefni sem þeim fylgja, henta vel allra fyrstu skóladagana til að hjálpa nýjum nemendum að kynna hver öðrum, kennaranum sínum, skólabyggingunni og skólalóð. Í fyrsta bekk er líka upplagt að vinna alls kyns verkefni um steina og kynna „leynardómum lífsins“ (lofti, vatni, sól og jörð, bls. 11–14) og sjálfsagt að strax í 1. bekk séu börnin hvött til að eigna sér uppáhaldsstað á skólalóðinni eða í nágrenni hennar (bls. 23–24). Verði fyrir valinu að nota námsefnið á fleiri en einu skólaári þá væru aðrar blaðsíður í bókinni skoðaðar og ræddar lítilllega en verkefni sem þeim fylgja ekki unnin nema að litlu leyti. Í upphafi 2. árs væru fyrstu blaðsíðurnar rifjaðar upp enda gætu verið komnir nýir krakkar í bekkinn. Megináhersla verði þá lögð á veðrið og hina lifandi náttúru og unnin verkefni sem fylgja blaðsíðum 7–10 og 15–16. Langflest þessara verkefna er hægt að vinna innan skólalóðar. Í upphafi þriðja árs væri svo haldið út fyrir skólalóð og nánasta umhverfi skoðað og borið saman við loftmyndir og kort. Þá væri velt fyrir sér byggðu umhverfi nú og fyrr í samræmi við verkefni sem fylgja blaðsíðum 17–22.

MYNDIRNAR

Myndirnar í bókinni eru unnar af Olgu Bergmann. Þetta eru klippimyndir þar sem er blandað saman raunverulegum ljósmyndum á ýmsa vegu og teikningum. Margir krakkar hafa gaman af að spreyta sig við gerð klippimynda og upplagt að leyfa þeim að gera það. Nota má myndir sem klipptar hafa verið úr tímaritum og blöðum eða myndir sem hafa verið teknar í þeirra eigin umhverfi. Með því að búa til klippimyndir sjálf átta börnin sig á ýmsum einkennum þessara mynda, t.d. því að stærðarhlutföll í þeim eru ekki rétt.

ÚTIKENNSLA

Útikennsla er í fullu samræmi við aðalnámskrá, sjá t.d. bls. 12 í heftinu um náttúrufræði. Fjölmörgum áfanga- og þrepamarkmiðum námskrárinnar, í mörgum greinum en þó fyrst og fremst náttúrufræði og samfélagsfræði, verður vart náð nema farið sé með nemendur út fyrir skólahúsið. Hlutverk bókarinnar *Komdu og skoðaðu umhverfið*, og meðfylgjandi vefefnis, er því fyrst og fremst að vekja upp umræðu og áhuga á því að farið sé út. Eftir að myndir í bókinni hafa verið skoðaðar inni og efnið rætt er alltaf gert ráð fyrir að farið sé út og eigið umhverfi kannað og þá gjarnan í samanburði við myndefnið í bókinni.

BLS. 2

SKÓLINN INNI

Markmið:

Að

- kynnast skólafélögum sínum, kennurum og starfsfólki
- kynnast skólanum og læra að rata um hann
- læra ýmsar reglur skólans t.d. hvernig gengið er í röð og hópar myndaðir
- læra og þjálfra hægri og vinstri, upp og niður
- þjálfra skoðun og eftirtekt og að kanna aðstæður og fyrirbæri.
- þjálfra hlustun á leiðsögn og að fara eftir leiðsögn
- þjálfra frásögn um það sem fyrir augu ber
- læra að skrá niðurstöður sínar með mynd í sögubók

Vinabönd – hægri og vinstri og að heilsa kurteislega

Áður en farið er um skólann til að kynnast honum er gott að nemendur búi til vinabönd – sem allir hafa á hægri hendi – hendinni sem heilsast er með. Börnin geta æft sig í að heilsast með handabandi og að segja hvert öðru hvað þau heita. Þegar þau fara um skólann og hitta þar fólk, t.d. gangaverði eða annað starfsfólk, geta þau líka skipst á að heilsa þessu fólk. Vinabandið á alltaf að vera á hægri hendi til að hjálpa til við að finna út hvað er hægri og vinstri.

Vasabók – skýrsla

Áður en farið er að kanna og rannsaka þarf að búa til vasabók. Hægt er að nota hvaða stílabók sem er en einnig hægt að láta krakkana búa til sérstaka rannsókn- eða sögubók. Í hvert skipti sem farið er út að skoða eitthvað eða rannsaka er bókin annað hvort með eða það er unnið í hana strax og komið er aftur inn í stofu. Í bókina eru skráðar niðurstöður. Á meðan krakkar geta hvorki lesið né skrifað er upplagt að þau teikni í bókina t.d. mynd af því sem þeim þótti skemmtilegast, fallegast, var stærst eða minnst, eitthvað sem þau uppgötvuðu, kom þeim á óvart – eitthvað sem minnir þau á ferðina sem farin var. Þegar þau hafa unnið í bókina er ágætt að einhver þeirra sýni hinum hvað þau hafa gert, útskýri og segi frá.

Skólinn, röð, hópur, hægri og vinstri ...

Umræða:

- Í skólanum þarf oft að ganga í röð frá einum stað til annars.
- Oft þarf bekkurinn að stilla sér þannig upp að allir sjái.
- Stundum er bekknum skipt í nokkra litla vinnuhópa.
- Stundum getur kennarinn ekki fylgt nemendum þangað sem þeir þurfa að fara svo að allir verða að læra að rata sjálfir.

Staður:

Fyrst inni í stofu en síðan farið víðs vegar um skólann.

Stofan okkar

Skólastofan er skoðuð og fyrirkomulag innan hennar útskýrt. En bekkurinn notar ekki bara þessa einu stofu í skólanum. Allir þurfa að kynnast öllum skólanum og skólalóðinni. Þess vegna þurfa allir að skoða skólann og skólalóðina.

Röð

Æft að mynda röð og ganga í röð. Ákveðin röð eftir tilteknum reglum:

- Stafrófsröð (eins og nöfnum þeirra er raðað í kladdann og þau lesin upp).
- Mánuðinum sem þau eiga afmæli.

- Eftir stærð.
- Húsnúmeri þar sem þau eiga heima.
- Eftir litum á úlpum, peysum, húfum, skólastöskum ...

Hringur

Æft að mynda hring á ýmsa vegu utan um eitthvað sem allir sjá þá jafn vel.

- Stór einfaldur hringur og allir jafn langt frá.
- Minnstu fremst, stærstu aftast.
- Innstu sitja á rassinum, næstu liggja á hnjám, öftustu standa.

Hópar

Dæmi um aðferðir til að skipta í hópa.

- Telja í hópa. Ef skipta á bekknum í fjóra hópa þá fá allir númer frá 1–4. Allir sem eru númer eitt mynda fyrsta hóp, allir númer tvö annan hóp o.s.frv.
- Allir draga spil, myndir, spjöld með mismunandi litum eða eitthvað annað. Þeir sem eru með eins spil eða mynd eða lit eru saman í hópi.
- Eftir afmælistánuði.
- Aðrar aðferðir sem nemendum detta í hug.

Skólinn skoðaður

Gengið um skólann í röð.

Kennarinn lýsir fyrst og segir frá því sem fyrir augu ber, svo geta krakkarnir skipst á að segja frá og lýsa.

Myndaðir hringir utan um eitthvað sem þarf að skoða eða í kring um kennarann þegar hann er að útskýra.

Þjálfun í eftirtekt og að tala um það sem fyrir augu ber, hlusta á lýsingu, lýsa sjálfur.

Mynda hópa og fara í léttu ratleiki um skólann til þjálfunar.

BLS. 3–5

SKÓLINN ÚTI OG SKÓLALÓÐ

Markmið:

Að

- kynnast skólalóð og tengjast henni um leið og nemendur læra og þjálfa sömu atriði og inni í skólanum
- skoða og rannsaka með því að telja og mæla
- átta sig á ólíku hlutverki mannvirkja og svæða á skólalóð
- velta fyrir sér hvort skólinn og skólalóðin hafi alltaf verið eins og núna

Skólinn úti, hægri og vinstri, að telja og mæla

Umræða:

Nemendur hafa kynnst skólastofunni og staðsetningu hennar innan skólabyggingar. Þeir hafa líka séð aðrar stofur, skólasafn, tónmenntastofu o.fl.

En skólinn er líka úti.

Staður:

Fyrst inni – svo úti.

Athuga: Þegar farið er út er alltaf haft orð á veðrinu, sjá síðar.

Bókin skoðuð:

Takið eftir að gluggarnir á blaðsíðum 3 og 4 eru sömu gluggarnir inni og úti.

Skólastofan

Hvar er skólastofan okkar utan frá?

- Hvernig finnum við það út? Umræður.
- Kíkt út um gluggana. Hvað sjáum við? Finnum við sömu fyrirbæri þegar farið er út?
- Farið út og athugað. Mætti skipta liði og fara í hópum – sumir inni, aðrir úti.
- Gluggarnir á skólastofunni fundnir og kíkt inn ef hægt er.

Aðrar stofur

Á sama hátt eru aðrir staðir í skólanum skoðaðir

- hvar er skólasafnið utanfrá?
- tónmenntastofan?
- skólaeldhúsið?
- kennarastofan?

Hægri – vinstri

Staðið fyrir framan gluggana inni.

- Hvaða röð er á gluggunum? (Það þarf að vera hægt að aðgreina þá.) Hvaða gluggi er hægra megin (vinabandið er á hægri handlegg)? Hvaða gluggi er vinstra megin?
- Þegar við stöndum utan við gluggana á stofunni okkar – hvaða gluggi er þá hægra og vinstra megin við okkur? Speglun.
Hvers vegna er ekki nóg að kunna bara „hægri og vinstri“? Það er ekki nóg að segja bara „hægri gluggi“ og „vinstri gluggi“ eins og við getum sagt hægri og vinstri hönd.
(Þurfum að þekkja áttirnar.)

Skólinn – að telja og mæla

- Hvað eru margir stórir (út)veggir á skólanum?
- Hvað eru mörg horn? (Sleppum skotum – einbeitungum okkur að meginlínunum og aðalatriðum.)
- Gengið í kringum skólann til að telja hliðar og horn.
- Einbeitungum okkur að einni hlið skólans, t.d. þeirri þar sem stofan okkar er.
- Hvað eru margir gluggar á henni? Teljum.
- Hve margir þeirra eru á okkar stofu?
- Hve margir eru ekki á okkar stofu?
- Hvað er hliðin löng? Umræða: Hvernig er hægt að mæla það? Tillögur frá nemendum.
Prófa ýmislegt og telja um leið t.d. að:
 - Stíga skref.
 - Mæla armlengdir, armur við arm.
 - Leggjast á jörðina, krakki við krakka, höfuð saman, fætur saman.
 - Hvað er þessi hlið á skólanum margir krakkar?
(t.d. Kannski er hægt að merkja við hvað bekkurinn er langur samanlagt og athuga svo hvað hann stækkar með tímanum.)
- Mæla með stórum reglustikum.

SKÓLALÓÐIN

Að kynnast og tengjast skólalóð

- Gengið um skólalóðina og hún skoðuð markvisst. Það má gjarnan gera daglega í nokkurn tíma og svo alltaf annað slagið. Um leið er æft að mynda röð og ganga í röð og mynda hringi þegar á að skoða eitthvað. Fyrirbæri eru skoðuð, rædd, talin, mæld og e.t.v. teiknuð.
- Farið út með nesti og drukkið úti.

Umræða

- Ætli skólinn og skólalóðin hafi alltaf verið eins og núna? Hvað ætli skólinn sé gamall? Hvað ætli hafi verið hér áður en skólinn var byggður? Skólalóðin – er hún alltaf eins (árstíðir, tré stækka, mannvirki ganga úr sér og ný bætast við)?
- Hvað hefur breyst á skólalóðinni frá því við fórum síðast um (lauf fallin, blaut/þurr, snjór/auð ...)?

Mannvirki á skólalóð skoðuð og talin

Hvert mannvirki, eða hús, hefur sitt hlutverk.

- skólinn sjálfur
- lausar kennslustofur
- íþróttahús
- ruslageymsla
- safnkassi
- leiktæki – ýmsar gerðir

Skólalóðin sjálf – „landnýting“

Hvert svæði hefur sitt hlutverk. Hvað gerum við á hverjum stað? Hvaða reglur gilda? Hvers vegna?

- leiksvæði
- íþróttavellir
- gangstígar
- trjábeð
- grassvæði

Lóðamörk

- Af hvaða götum eða svæðum markast skólalóðin?
- Hvað megum við fara langt frá skólanum á skólatíma?

BLS. 6–7

FORM Á BLAÐI OG Í UMHVERFINU

Markmið:

- Að
 - þjálfna nákvæma skoðun
 - bera saman form og hluti
 - greina eitt form frá öðru(Samþætting við stærðfræði og vinnu með rökkubba.)

AÐ LEITA AÐ FORMUM

Staður

Fyrst inni síðan farið út.

Efni

Inni hafa allir eintak af bókinni *Komdu og skoðaðu umhverfið*. Þegar farið er út fá allir eintak af blaðsíðu 6 sem hefur verið prentuð út af vefnum (Á vettvangi) og helst plöstuð svo að hægt sé að nota hana aftur og aftur þótt úti sé rigning.

Kennari getur líka sjálfur búið til blöð með formum ef hann vill leggja sérstaka áherslu á einhver önnur form til viðbótar þeim sem eru á blaðsíðu 6. Það geta t.d. verið náttúruform, í lögun svipuð fjöllum í nágrenninu.

Bókin skoðuð.

Á 5. blaðsíðu eru alls kyns form, getum við fundið þau falin á 6. blaðsíðu?

Farið út

Allir eru fyrst í einum hópi á útsýnisstað á skólalóð svo mætti skipta nemendum í hópa sem ganga um lóðina í leit að formum.

Grunnform

Nemendur finna grunnform í umhverfinu og benda á þau. (Gluggar og þök á nærliggjandi húsum, gangstéttarhellur, mynstur í girðingum – allt mögulegt.)

Náttúruform

Geta þau fundið svipuð form ef þau skoða vel í kring um sig?

Teiknað í sand

Nemendur vinna í hópum úti og teikna eða útbúa einhver form t.d. í sand eða möl.

Teikna

Nemendur velja sér form, grunnform eða náttúruform, og teikna það í vasabókina.

Á þessum vef:

Rigningin og litir regnbogans (Leikjahugmyndir)

Hvaða litir sjást? (Leikjahugmyndir)

Form til útprentunar (Á vettvangi)

BLS. 8–11

VEÐRIÐ, LOFT, VATN OG SÓL

AÐ TAKA EFTIR VEÐRI

Í hvert skipti sem farið er út ætti að taka eftir veðri. Tala þarf um hvort er dimmt eða bjart, skýjað eða léttskýjað, þurr eða rakt, auð jörð eða snjór á jörð, giska á hitastig (frost eða þíðu), vind og vindátt.

Hér er gert ráð fyrir að farið sé út sérstaklega til að kanna veðrið. Það þarf að gera nokkrum sinnum á ólíkum árstímum og í mismunandi veðri til að þjálfna nemendur.

Þess á milli, þegar verið er að fara út í öðrum tilgangi, er sjálfsagt að rifja upp og minna á veðrið og taka eftir því.

AFSTAÐA TIL VEÐURS

„... mér finnst rigningin góð ...”

Gott er að temja sér að tala ekki mikið um veðrið sem vont. Í raun er mjög sjaldan vitlaust veður á Íslandi en fólk er hins vegar oft „vitlaust” klætt og ekki í samræmi við veðrið. Tilhneyging er til þess að kalla allt veður vont ef ekki er sól, logn og hiti. Væri slíkt veður ekki leiðgjarn til lengdar? Úrkoman á Íslandi er forsenda þess að við eigum nóg vatn. Vatn er öllum lífsnauðsynlegt og við notum það til margvíslegra hluta. Veðrið á Íslandi er fjölbreytt og venjulega er fjölbreytni skemmtileg og veitir margvísleg tækifæri. Við þurfum að læra að njóta fjölbreytninnar og læra að bregðast við og klæða okkur og haga okkur eftir veðri.

VEÐURATHUGANIR

Markmið:

Að

- taka eftir veðri, vindum, úrkomu, birtu og skýjafari
- átta sig á breytingum á nánasta umhverfi eftir veðri og árstíðum
- finna áhrif umhverfis á veður t.d. skjól undir húsveggjum og vindstrengi á milli húsa
- heyra talað um og læra að nota höfuðáttirnar t.d. að nú sé vindur úr norðri og skjól sunnan húss
- finna áhrif veðurs á okkur sjálf
- skilja að allar lífverur verða að taka tillit til veðurs og það mótar lífshætti þeirra.
- læra að taka tillit til veðurs t.d. að klæða sig eftir veðri
- kynnast hlutverki veðurfræðinga og Veðurstofunnar og átta sig á mikilvægi þess
- læra að skoða veðurkort og átta sig á helstu veðurtáknum
- þjálf sig í að lýsa veðri með táknum
- læra að loftið er ósýnilegt efni sem umlykur okkur og er okkur lífsnauðsynlegt
- skoða vatnið í umhverfinu, mismunandi form þess og heyra um gildi þess
- skynja áhrif sólarljóssins á okkur sjálf og umhverfi okkar

Efni:

- Plastað veggspjald til að skrá á niðurstöður veðurathugana. Það getur verið lítið, aðeins með fyrirsögninni „Veðrið í dag” eða það getur verið stærra og skipt í 5 dálka, einum fyrir hvern dag vikunnar, „Veðrið þessa viku”.
- Veðurtáknin klippt út og þau plöstuð. (Táknin eru í Myndasafni.)
- Veifur sem blakta í vindi. (Renningar sem klipptir hafa verið úr plastpokum og heftir á prik eru ágætar vindveifur.)
- Prik af ákveðinni lengd.
- Vasabókin.
(– Kort af skólalóðinni.)

Staður:

Byrjað inni, bókin skoðuð og verkefnið útskýrt.

Farið út til að gera athuganir.

Endað inni við úrvinnslu og umræður.

Bekkurinn eða hópar:

Í fyrstu fer kennarinn með allan bekkinn. Síðar má gera ráð fyrir hópar eða jafnvel einstaklingar fari út og kanni veðrið.

Inni:

Bókin skoðuð: Veður, veðurkort og veðurtákn

Myndirnar á blaðsíðum 8, 10 og 11 sýna ólíkt veður. Hvernig veður? Hvernig er veðrið hjá okkur núna? Hvernig var það í gær? Hvernig ætli það verði á morgun? Veit einhver eitthvað um það?

Þegar fjallað er um vindinn er gott að minna á að loftið er efni, það finnum við svo vel í roki þegar loftið „rekst” á okkur.

Kortið á bls. 9 í bókinni skoðað og táknið sem eru á því. Hvað þýða þessi tákni?

Hvers vegna skiptir veðrið svona miklu máli?

- ... fyrir fólk sem vinnur utan húss, t.d. bændur, sjómenn, smiði og náttúrufræðinga
- ... fyrir fólk sem er að ferðast, bílstjóra og flugmenn
- ... fyrir okkur sem þurfum að fara frá einum stað til annars eða leika okkur úti
- ... fyrir plönturnar og dýrin

Veðurfræðingar fylgjast með veðrinu um allan heim og skrá það. Þeir reyna líka að spá fyrir um hvernig veðrið verður næstu daga og í framtíðinni. Það er oft erfitt. Höfum við fylgst með veðurfræðingunum í sjónvarpinu? Nú ætlum við að þykjast vera veðurfræðingar.

Úti:

Veðrið úti

Byrjað á stað á skólalóð þar sem vel sér yfir og er áveðurs.

Umræður og niðurstöður skráðar:

Hvernig er veðrið?

Sést til sólar? Myndast skuggar?

Er rigning? Er jörðin blaut, sjáum við polla?

Er frost eða þíða?

Er snjór á jörðinni? Ef svo, þá hve djúpur? - Nota prikin.

Sjáum við einhvers staðar snjó, t.d. í fjöllum?

Er vindur? Blakta veifurnar? Mikið eða lítið? Hvaðan kemur vindurinn?

Er grasið grænt? Sjást einhver blóm, dýr? Hvar eru þau?

Nú er hægt að fara í nokkurs konar ratleik að næsta stað.

Stefna að ... og ganga að ..., beygja þar og stefna að ... o.s.frv. Þangað til komið er að öðrum stað ólíkum þeim fyrri.

Sömu athuganir gerðar og niðurstöður skráðar einhvers staðar í skjóli, t.d. sunnan við vegg.

Gjarnan má svo fara á þriðja staðinn sem þá þarf að vera enn öðruvísi, e.t.v. norðan við skólann eða einhvers staðar á milli húsa.

Alls staðar eru gerðar sömu athuganirnar og sérstaklega athugað hvort hiti og vindur eru eins á öllum stöðum. Í upphafi er ekki gert ráð fyrir að notaðir séu hitamælur heldur aðeins að krakkarnir skynji hitann á sjálfum sér.

Úrvinnsla

Þegar komið er inn eru niðurstöður dregnar saman og viðeigandi veðurtákn fest á veggspjaldið, t.d. með kennaratyggjó.

Klæðnaður

Fara yfir nauðsynlegan klæðnað.

Muna sérstaklega eftir góðum og viðeigandi skóm.

Höfuðföt eru sérlega mikilvæg en um helmingur af hitatapi líkamans fer út um höfuðið. Ef okkur er kalt á höndum eða fótum getur hjálpað að setja á sig góða húfu!

ÞEGAR LENGRA LÍÐUR ...

Tengsl veðurs og lífríkis

Þegar verið er að fjalla um plöntur og dýr (bls. 13–16) er sjálfsagt að ræða um tengsl lífvera og veðurs (loftslags). Þá er farið út og veðrið kannað sérstaklega með það í huga hver er hvar.

Hvar finnst okkur þægilegast að vera? Hvers vegna?

Væntanlega er best að vera þar sem er sól og logn.

Hvar vildum við vera ef við værum tré og gætum ekki hreyft okkur?

Eða ef við værum dýr sem þyrfti að finna sér fylgsni úti?

Það eru ekki allar plöntur eins né heldur dýr.

Sumar lífverur þola betur kulda en aðrar.

Aðstæður eru líka ólíkar sumar og vetur.

Hvar eru plönturnar á veturna?

En dýrin?

Sum dýr „klæða sig“ betur á veturna. Fá vetrarfeld. Við erum svo heppin að geta klætt okkur eftir veðri. (Þurfum ekki að bíða eftir að hárið á okkur vaxi sítt heldur setjum bara á okkur húfu!)

Tengsl mannvirkja og veðurs

Þegar krakkarnir hafa lært ýmislegt um mannvirki, loftmyndir og kort (17.-20. bls.) er gaman að vera með kort af skólalóðinni og merkja inn á það mismunandi nærveður einhvern daginn, þ.e. mismun á vindi, birtu og jafnvel hitastigi eftir því hvar er verið á skólalóð.

Í öðrum, og þó sérstaklega þriðja bekk, er sjálfsagt að nota hitamæla og jafnvel vindmæla og mæla veðurþætti, skrá þá og vinna úr niðurstöðum.

Á þessum vef:

Verkefni um loft og vatn (Á vettvangi)

Verkefni um sól og birtu (Á vettvangi)

Veðurkort og veðurtákn (Í handraðanum)

Vedurstofan.is (Krækjur)

Annað

Umhverfið eftir Gunnhildi Óskarsdóttur

Skin og skúrir í Náttúruverkefnum

BLS. 12–13

LAND OG STEINAR

Á blaðsíðu 12 eru myndir af nokkrum ólíkum steinum. Efstu steinarnir tveir eru basalt en yfir 90% af Íslandi er úr því efni. Steinninn til vinstri er móbergsbasalt en til hægri basalthraun. Röndótti steinninn í miðju til vinstri og svartí steinninn í miðjunni neðarlega, hrafntinnan, eru molar úr ljósgrýtishrauni en jarðfræðingar kalla það venjulega rhyólít eða líparít. Hinir steinarnir á myndinni eru steindir. Steinarnir sjö neðst í horninu til vinstri eru glerhallar eða kalsedón. Steinninn lengst til hægri neðst er silfurberg og steinninn þar fyrir ofan í miðjunni hægri megin er jaspis. Um alla þessa steina er fjallað í fróðleikshorni.

Markmið:

Að nemendur átti sig á fjölbreytileika steinanna.

Bókin skoðuð:

Á 12. blaðsíðu sjást bæði eldfjöll þaðan sem steinarnir koma og steinar af ýmsum gerðum, náttúrulegir, tilhöggðir, slípaðir, muldir og mótaðir. Á 13. blaðsíðu eru nokkrar gerðir steina og steinda. Ætli steinarnir úti hjá okkur séu svona fjölbreyttir?

Steinar í nánasta umhverfi skoðaðir og unnið með þá

Á skólalóð gætu verið náttúrusteinar af ýmsum stærðum og gerðum, náttúrusteinar mótaðir af fólki eða „steinar“ sem fólk hefur búið til.

- *Tilbúnir „steinar“*, útbúnir eða steypdir af fólki eru t.d. gangstéttarhellur. Þær má skoða og telja á marga vegu og þær eru til marga hluta nytsamlegar.
- *Möl mótuð í vatni*, eru ávalir steinar og rúnnaðir. Slík mól er gjarnan grafin úr ám og fjörum og flutt heim að húsum með bílum. Hvers vegna ætli það sé gert? Hvers vegna viljum við einmitt svona steina á leiksvæði? Væri gott að þar væru alla vega kantaðir steinar og misstórir.

Hægt er að líkja eftir því hvað gerist á árbotni eða strönd. Þar er grjót á stöðugri hreyfingu í straumi eða brimi. Ef alla vega kantaðir og hornóttir steinar væru settir í dós og dósir hrist dögum, vikum, mánuðum og árum saman - hvernig yrðu steinarnir? Kantar og horn molnuðu af (yrðu að sandi) og steinarnir yrðu ávalir. Það molnar alltaf meira og meira af þeim, þeir verða minni og minni og loks aðeins lítil, óteljandi sandkorn. Ár og brim hrista steina á sambærilegan hátt.

- *Steinar mótaðir af fólki.* Á skólalóð gæti líka veri grjót mótað af fólki – tilhöggvið grjót eða hörpuð mól.
- *Náttúrulegt grjót.* Hvar er það? Hvernig er það? Hvaðan kemur það?
- Hver er munurinn á gangstéttarhellum og náttúrulegu grjóti.
- eru einhverjir tveir náttúrusteinar nákvæmlega eins?
- *Alls kyns steinar*
Getum við fundið –
- Sléttan stein.
- Stein með hrjúfu yfirborði. Ef lagt er þunnt blað (smjörpappír) á steininn og litað laust með vaxlit á hann – hvað kemur þá í ljós?
- Stein sem hægt er að nota í nælu.
- Stein svo stóran að það þarf að klifra upp á hann til að standa á honum.
- Stein sem er gott að sitja á.
(Einu sinni settist gömul kerling á stein og hafði á orði: Nú mætir hart hörðu.
Eins er máltæki: *Tvisvar verður sá feginn sem á steininn sest.*)

Vinna með steina – samanburður og flokkun

T.d. Steinar skoðaðir og bornir saman.

T.d. Ákveðið magn steina flokkað eftir einkennum:

Fundið út hvaða steinn er

- þyngstur
- léttastur
- stærstur
- minnstur.

Svo má flokka þá eftir

- lit
- lögun
- hvort þeir fljóta eða sökkva á vatni,
- hvort hægt er að kríta með þeim o.fl.

Stólparit með steinum

- Steinum safnað í dósir og þeir taldir. - Hvað tekur dósir marga steina?
- Margir steinar allir svipaðir að stærð. Nokkrar dósir ólíkar að stærð og lögun. Stærð dósanna svo mæld með steinum.
- Allar dósirnar fylltar með steinum.
- Steinunum hvolfi úr og þeim raðað hlið við hlið í stólpa sem einnig eru hafðir hlið við hlið svo að auðvelt sé að sjá hvaða stólpi er lengstur og hver stýstur.
- Hvaða dós er stærst og hver minnst?

Steinninn minn

- Allir velja sér sinn stein eða koma með hann ef þeir eiga hann heima.
- Allir segja frá steininum sínum og sýna hann - ef þeir vilja.

Steinar og ævintýri

Sagan um *Óskasteininn í Tindastóli* lesin.

- Er þetta sönn saga eða ævintýri?

Steinar og fléttur

Sagan lesin um *Kiðhús og kerlinguna* og sem vildi fá nokkuð fyrir snúð sinn. Sumir kennarar vilja kannski milda endi sögunnar þegar lesið er fyrir lítil börn og sleppa heilaslettunum!

- Er þetta ævintýri eða sönn frásögn?
- Fléttur á steinum (sjá ítarefni).
- Getum við fundið slíkar? Farið út að leita að fléttum.
- Víða má sjá fléttugrónar klappir en þær eru ekki á steinum sem eru t.d. nýkomnir upp úr grunnum. Hvað er líkt með þannig „nýjum“ steinum og hins vegar „gömlum“ steinum sem lengi hafa verið uppi á yfirborðinu. Hvað er ólíkt? (Áferð og gróður, fléttur og mosi – steinarnir gætu verið jafngamlir en mislangt síðan loft, sól og regn fór að leika um þá – Sjá *Leyndardóma lífsins*.)

Fléttur eru algengar, er nær alls staðar að finna og hafa þann kost að þær má skoða allan ársins hring. Athuga þarf að þetta eru ákaflega hægvaxta lífverur og viðkvæmar fyrir hnjaski og mengun og mikilvægt er að sýna þeim fulla virðingu.

Á þessum vef:

Steinar (Fróðleikshorn)

Kristallar (Á vettvangi)

Fléttur (Fróðleikshorn)

Óskasteininn í Tindastóli (Ævintýri og sögur)

Kiðhús og kerlingin (Ævintýri og sögur)

BLS. 14–15

LEYNDARDÓMAR LÍFSINS; LOFT, VATN, SÓL, JÖRÐ

Markmið

Að

- læra mun á lífveru og lífvana hlut
- læra hverjar eru lífsþarfir plantna
- átta sig á að plöntur eru undirstaða lífs á jörðu

Ljóstillífun fyrir sex ára!

Engin ástæða er til að líta á ljóstillífun plantna sem svo flókið fyrirbæri að það verði ekki skilið og því ekki um það rætt fyrir en í efri bekkjum grunnskóla eða jafnvel í framhaldsskóla. Aðalatriðið er að til þess að gróður geti vaxið þurfa ákveðnar og örfáir þættir að vera fyrir hendi í umhverfinu. Þá geta sex ára krakkar auðveldlega lært og skilið og búið að þeirri þekkingu þegar þroski þeirra hefur aukist svo að hægt er að útskýra ferlið sjálft sem að baki liggur. Einnig er mikilvægt að læra, eða a.m.k. að heyra, að plönturnar eru undirstaða alls annars lífs á jörðu. Þær eru hlekkurinn á milli „dauðrar“ og lifandi náttúru.

Í plöntum eru örlitlar „verksmiðjur“ sem við köllum grænuhorn og gefa plöntunum græna litinn. Grænuhornin framleiða fæðu fyrir plöntuna sjálfa svo að plantan vex. Dýr sem lifa á plöntunni éta hana svo að grænuhornin eru í raun líka að *framleiða fæðu* fyrir dýrin. Grænuhorn landplantna framleiða þessa fæðu fyrst og fremst úr loftinu (koltvísýringi loftsins). Algengur misskilningur er að næring plantna komi úr moldinni. Svo er ekki. Plantan er rótföst til að halda sér fastri og ná vatni og steinefnum úr jörðinni. Meginmassi plöntunnar, fyrir utan vatnið, kemur úr loftinu. Hún étur loft! Til þess að framleiða fæðu úr lofti og vatni þarf orku (alveg eins og við þurfum orku þegar við erum að elda mat) og sú orka kemur frá sólinni.

(Í efnahvörfunum, sem verða í plöntunni þegar hún ljóstillífar, losnar frá henni súrefni. Súrefni er (nær) öllum lífverum nauðsynlegt til að brenna eða nýta fæðu sína. Plöntur þurfa að anda að sér súrefni, rétt eins og allar aðrar lífverur, og það kemur auðvitað líka úr loftinu (eins og koltvísýringurinn) ef um landplöntur er að ræða. Þessi sannleikur má alveg bíða um sinn ef verið er að kenna 6 ára en leggja áherslu á fæðuna sem plönturnar framleiða sem er, ólíkt loftinu, bæði sýnileg og snertanleg.)

Hvað gerist ef við gleymum að vökva blómin okkar? Þau hafa ljós, loft og jörð en vantar vatn og geta því ekki lifað. Úti sjáum við stundum steina sem eru nýkomnir upp úr jörðinni, t.d. þar sem hefur verið grafinn grunnur fyrir húsum. Á þessum steinum er enginn gróður eins og er á steinum sem hafa lengi verið uppi á yfirborðinu. Á steinum sem eru á kafi í moldinni er næg jörð og vatn, trúlega líka loft en þangað hefur sólarbirtan ekki náð og þess vegna hefur enginn gróður getað vaxið á þeim. Á veturna skín sólin svo stuttan tíma dagsins og vatnið frýs í kuldanum þess vegna deyja plönturnar eða leggjast í dvala til næsta vors.

Á þessum vef:

Gullakistan með leyndardómum lífsins (Á vettvangi)

Jarðarfjölskyldan (Fróðleikshorn)

Gústi fer heim (Ævintýri og sögur)

Skordýr (Í handraðanum)

BLS. 16–17

PLÖNTUR OG DÝR

Markmið

Að

- þekkja mun á plöntu og dýri
- þekkja einkenni og lífsferla nokkurra lífvera
- vita að lífverur eru flokkaðar eftir einkennum og lífsferlum
- þekkja í sjón og geta nafngreint nokkrar algengar íslenskar lífverur

Plöntur og dýr

Meginmunur á plöntum og dýrum er sá að dýr hafa ekki grænuhorn (innbyggðar fæðuverksmiðjur) og eru því háð plöntum um fæðu. Dýrin ýmist éta plöntur sér til vaxtar eða viðhalds eða þau éta dýr sem aftur hafa nærst á plöntum nema hvort tveggja sé, eins og á t.d. við um fólk.

Í *Náttúruverkefnunum* (Námsgagnastofnun 1994) eru fjölmörg verkefni sem leggja áherslu á lífsþarfir dýra eins og t.d. verkefnið *Ljúfar lífsþarfir* á blaðsíðu 21.

Flokkun

Í kennsluleiðbeiningum með stærðfræðiefninu *Kátt er í Kynjadal* er verkefni á blaðsíðu 17 sem er ágæt innlög þegar ræða á flokkun og einkenni lífvera.

„Allir nemendur standa í hnapp. Kennari biður einn nemanda að koma og standa hjá sér fyrir framan hópinn. Hvernig getum við lýst þessum nemanda? Nemendur koma með tillögur. Dæmi um ferli gæti verið. Fyrsta tillaga, þetta er stelpa. Strákarnir setjast niður. Næsta tillaga, hún er ljóshærð. Þær stelpur sem ekki eru ljóshærðar setjast. Svona er haldið áfram og hver tillaga skráð jafnóðum þar til aðeins aðeins einn nemandi stendur eftir. Orðin sem standa á töflunni eru þá þeir eiginleikar sem aðgreina nemandann frá hinum nemendunum. Fara þarf yfir eiginleikana og prófa aftur á öðrum nemanda.”

Á sama hátt eru lífverur flokkaðar eftir einkennum og eiginleikum í ótal hópa.

Í fróðleikshorni er örlítið sagt frá flokkum lífvera.

Lífverurnar

Í bókinni eru myndir af eftirfarandi lífverum:

Túnfífill (bls. 11), *blágresi* (bls. 14, 16, 25), *vallhumall* (bls. 17, 24, 25), *baldursbrá* (bls. 12, 17, 24), *lokasjóður* (bls. 15, 17), *birkitré* (16, 25 haustlitir), *grenitré* (bls. 5, 25), *grámosi* (bls. 16, 17).

Ánamaður (bls. 14), *járnsmiður* (bls. 15, 17), *hunangsfluga* (bls. 16), *langfætla* (bls. 16), *haustfeti* (bls. 16), *könguló* á flestum opnum.

Álft (bls. 17), *heiðlóa* (bls. 16), *kría* (bls. 12), *snjótittlingur* (bls. 10), *skógarþröstur* (bls. 17), *lundi* (bls. 2).

Í fróðleikshorni eru upplýsingar um þessar lífverur og myndir á myndasíðum. Myndir af lífverunum eru líka í öðrum bókum og sjálfsagt að skoða þær þar líka.

Ekki safna – heldur spyrja

Ekki er gert ráð fyrir að smádyrum og plöntum sé safnað og farið með þær inn. Fyrst og fremst ætti að leita að þeim úti og skoða þær þar og þá um leið umhverfi þeirra. Það eykur ekki virðingu barna fyrir dýrum og plöntum ef þau fá að safna lífverum nánast í tilgangsleysi og henda þeim svo. Lífverum skal aðeins safnað í ákveðnum tilgangi og sá tilgangur þarf að vera öllum vel ljós og áhersla lögð á að safna aðeins því sem þarf en ekki meiru. Ef t.d. smádyrum er safnað til að hægt sé að skoða þau í víðsjá ætti að skila þeim aftur á sinn stað eftir að þau hafa verið skoðuð.

Velta má fyrir sér ýmsum spurningum um lífverurnar eins og:

Hvar er lífveran?

Hvað þarf hún til að lifa?

Er einhver sem étur þessa lífveru?

Étur þessi lífvera aðrar lífverur til að lifa?

Hvers virði er þessi lífvera, fyrir aðra, fyrir okkur?

Hvernig er hún, litur, lögun, stærð o.fl.?

Er einhver lykt af henni?

Getur lífveran hreyft sig? Hvernig hreyfir hún sig?

Hvað er lífveran að gera?

Hvar er hún stödd á lífsferli sínum? Eru plöntur t.d. blómstrandi eða búnar að dreifa fræjum.

Er skordýr t.d. á lírfustigi eða fullorðið?

Er lífveran ung eða gömul?

Hvað ætli hún geti orðið gömul?

Eru lífverurnar margar saman eða bara ein og ein?

Hvernig ætli lífveran eignist afkvæmi?

Hvernig ætli hún dreifi sér - komist á nýja staði þar sem hún er ekki núna?

Á þessum vef:

Fífill í fötu (Á vettvangi)

Hvað leynist í hringnum? (Á vettvangi)

Flokkun lífvera (Fróðleikshorn)

Nokkrar lífverur í umhverfinu (Fróðleikshorn)

Hvaða litir sjást? (Leikjahugmyndir)

Fuglar og hljóð (Í handraðanum)

Heiðlóa – púsl (Í handraðanum)

Skógarþröstur – púsl (Í handraðanum)

Annað vefefni:

Lífsferlar í náttúrunni

BLS. 18–23

NÁNASTA UMHVERFI, HÚS, GÖTUR OG STÓR LANDFORM

LOFTMYNDIR OG KORT

SAGAN – ÞAÐ HAFA AÐRIR ÁTT HEIMA HÉR Á UNÐAN OKKUR

Markmið:

Að

- nemendur kynnist nánasta umhverfi sínu og þekki þar t.d. heiti gatna, stofnana og verslana.
- nemendur átti sig á að byggingar eru notaðar á ólíkan hátt, s.s. sem heimili, verslanir, ýmsar stofnanir, félagsmiðstöðvar, sjúkrahús, atvinnuhúsnæði, gripahús
- nemendur skoði loftmynd af heimabyggð sinni og finni þar þekkta staði og hús og beri saman við landakort
- nemendur átti sig á að umhverfið er alltaf að breytast og að fólk breytir umhverfinu með því t.d. að leggja vegi, byggja hús, rækta land og grafa skurði
- nemendur þekki nokkur örnefni og kennileiti s.s. nöfn áa, hæða og fjalla
- nemendur átti sig á að sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti hennar
- nemendur upplifi söguna t.d. í gegnum byggingar, minnismerki, sögustaði og gamla muni og með því að tala við sér eldra fólk
- nemendur kynnist höfuðáttunum fjórum og þjálfist í nota þær í daglegu tali

BYGGÐIN OKKAR – NÚNA, FYRR OG SÍÐAR

Hús með mismunandi hlutverk

Staður: Skólalóðin

Gengið um skólalóð og horft á hús og byggingar á lóðinni og þær sem þaðan sjást og rætt um hlutverk þeirra. Hvaða hús sjást af skólalóðum er harla misjafnt eftir skólum.

Til hvers eru öll þessi hús?

- skólinn og mismunandi hús hans
- íbúðarhús af nokkrum gerðum
- verslanir
- strætóskýli
- bílskúrar
- spennistöðvar
- leikskólar
- verksmiðjur
- skrifstofuhús
- ráðhús
- fjós
- hlaða
- fjárhús
- hesthús
- fleiri hús, hvaða ...
- hvers konar önnur hús þekkjast þau í hverfinu/nágrenninu?

Hverfið okkar núna

Nemendur fara um skólahverfið, fyrst og fremst um það svæði sem næst er skólanum eða heimilum þeirra. Þeir afla upplýsinga utan skólans hjá foreldrum sínum og nágroñnum svo að gott er að fara yfir það í skólanum hvernig kurteislega má afla upplýsinga með því að spyrja fólk.

Efni:

- Loftmyndir af skólahverfinu og nánasta umhverfi.
Hjá Landmælingum Íslands á Akranesi má fá loftmyndir af öllu landinu frá ýmsum tímum. Einnig er hægt að fá myndir á tölvutæku formi. Gott er að vera bæði með nýja loftmynd og nokkrar gamlar frá ólíkum tímum.
- Kort af skólahverfinu og nánasta umhverfi.
Hjá skipulagsstofum sveitarfélaga má oft fá góð kort af afmörkuðum svæðum og hverfum, stundum með gagnlegum upplýsingum um hverfin, sögu þeirra og fyrirhugaðar framkvæmdir og lagfæringar í hverfunum, sbr. hverfakort Reykjavíkur.
- Myndavélar (ekki nauðsynlegar).

Inni – umræða

Loftmyndir og kort:

- Hvar búum við?
- Við búum ekki bara í íbúð eða húsi, við búum í (um)hverfi.
- Hvernig er hverfið / sveitin okkar?
- Er til mynd af umhverfi okkar?
- Loftmyndir eru teknar af landinu úr flugvélum.

Skoðuð ný loftmynd af svæðinu og borin saman við landið eins og við sjáum það.

- Krakkarnir finna húsið sitt og staði sem þeir þekkja.
- Skoðuð kort af svæðinu og loftmynd og kort borin saman.

Úti – og áttirnar:

Farið út. Gengið um hverfið og það skoðuð, spurningum svarað og verkefni leyst til að skerpa athygli; talið, skoðuð, gerður samanburður, athuguð form og teknar eða teiknaðar myndir. Til að skerpa áttaskynjun er ágætt að nefna það sérstaklega í hvaða átt er gengið: „Nú ætlum við að ganga í suður frá skólanum, í næstu viku skoðum við götur norðan við skólann o.s.frv.“ Einnig að hafa orð á því í hvaða átt er farið.

Dæmi um verkefni:

Götur og götuheiti.

Hvað heita göturnar?

Er eitthvert kerfi í því hvað þær heita eða hver þeirra heitir hvað?

Heita göturnar t.d. eftir fólki eða einhverju öðru?

Er þeim e.t.v. raðað í stafrófsröð? Hvaðan?

Einstakar götur skoðuðar

Húsnúmer

Hvernig er húsunum raðað við götuna?

Hvar eru t.d. hús númer 1, 10 og 11?

Við hvorn enda götunnar eru lægstu númerin, en þau hæstu?

Hvers vegna ætli þeim sé raðað á þennan hátt?

Fjöldi íbúða og íbúa

Giska á og/eða afla upplýsinga um:

Fjöldi húsa í ákveðinni götu, fjöldi íbúða, fjöldi íbúa.

Ef götur eru ekki mjög stórar geta krakkar aflað þessara upplýsinga um sínar götur með hjálp for-eldra sinna.

Hús og húsgerðir

Taka eftir að engin hús eru eins.

Skoða t.d. sérstaklega; þök, þakskegg, glugga, dyr, liti eða eitthvað annað frá einu húsi til annars og teikna myndir eða taka myndir.

Einnig má skoða mismunandi form í hellulögnum, girðingum o.fl. sem húsunum tengist.

Tré og annar gróður

Eru tré við götuna?

Hvaða tré er stærst?

Hvað er sérstaklega fallett eða sérstakt við hverja götu?

Opin svæði

Eru opin svæði við götuna?

Hvers konar?

Leikvellir, garðar, óbyggðar lóðir, náttúruleg svæði?

Hvers virði eru þessi svæði?

Er eitthvað gert þar?

Hvað heita þessi svæði?

Hvað eru þau kölluð í daglegu tali?

Í sveitum

Hvar eru einstakir bæir?

Hvar eru t.d. vegir, tún, skurðir, brýr, girðingar, skógur, o.fl.?

Fjöll og landslag

Sjáum við fjöll, vötn /vatn, sjóinn, á eða læk, hóla eða hæðir?

Er líka landslag þar sem hverfið okkar er, “undir” byggðinni?

Örnefni og alþýðuheiti

Hvað heita fjöllin og önnur fyrirbæri í landslaginu?

Hvað heita ýmsir staðir í nánasta umhverfi?

Nota krakkarnir e.t.v. einhver nöfn sem aðrir þekkja ekki?

Hvað eru t.d. róluvellirnir kallaðir?

Úrvinnsla

Umræður í bekk og niðurstöður. Í skólastofunni mætti vera stórt kort af hverfinu / sveitinni þar sem færðar væru inn alls kyns niðurstöður.

TÍMINN

Umræður

Hafa húsin / hverfið / sveitin okkar alltaf verið eins og nú?

Tíminn heldur alltaf áfram og engin tvö auganablik eru eins.

Allt breytist, sumt hægt, annað hratt.

Ýmsir hlutir eru til núna sem voru ekki til áður fyrr.

Aðrir hlutir eru öðruvísi nú en áður eins og húsin.

Á blaðsíðum 22 og 23 eru myndir sem minna á gamla tímann en þó ekki fyrir mjög löngu. Sumt er tiltölulega nýlegt á myndunum. Hvað ætli það sé? (Rafmagnið.)

HVERFIÐ OKKAR ÁÐUR FYRR

Inni:

Nemendur skoða gamlar loftmyndir af svæðinu og bera þær saman við nýja loftmynd og átta sig á breytingum og hvenær þær urðu.

Nemendur ræða hvað þeir vita um byggðina sem þeir búa í. Hvenær fluttu þeir hingað? Hvernig var það þegar þeir muna fyrst eftir sér? Hafa þeir séð einhverjar nýlegar breytingar? Hvað hefur breyst síðan þeir fluttu? En eldri systkini þeirra og foreldrar?

Má finna út miðað við myndirnar hvenær einstök hús byggðust eða hvenær var gengið frá einstökum götum? Hvenær komu ljósastaurar - búð - leikskólar - skólinn - sundlaug - strætó - leikvellir?

Hvenær voru vegir lagðir, brýr byggðar, skurðir grafnir, skógi plantað o.s.frv.

Hverjir gætu vitað meira um þau?

Hvar er hægt að leita upplýsinga?

Fólk sem lengi hefur búið á svæðinu býr yfir upplýsingum og myndum.

Nemendur afli upplýsinga heima hjá foreldrum og e.t.v. hjá nágrönnum.

Úti:

Finna góða útsýnisstaði og velta fyrir sér:

Hvernig var útsýnið héðan áður?

Hvað hefur breyst?

Hvenær breyttist það?

Úrvinnsla:

Myndum og upplýsingum raðað á tímalínu, sjá Þráður tímans í verkefnum um Land og Þjóð.

Hverfið okkar í framtíðinni

Hvað í umhverfi okkar erum við ánægð með og viljum ekki breyta?

Hvað þarf að gera til þess?

Hverju viljum við breyta eða hvað laga?

Getum við eitthvað gert í því?

Á þessum vef:

Þekkirðu hlutina? (Í handraðanum)

BLS. 24-25

UPPÁHALDSSTAÐURINN MINN

Markmið:

Að nemendur fylgist markvisst með umhverfi sínu til þess að tengjast því og læra að bera virðingu fyrir því.

Umræða:

Líður okkur alls staðar jafn vel? Hvar líður okkur best? Vonandi heima hjá okkur en eigum við einhvern uppáhaldsstað úti? Hvar? Getum við eignast uppáhaldsstað á lóðinni eða í nánasta umhverfi?

Framkvæmd:

Nemendur velja sér gróinn blett á skólalóðinni eða í nágrenni hennar. Staðurinn á að vera lítill t.d. aðeins um einn fermetri að stærð eða eitt tré. Þeir fara reglulega á staðinn og fylgjast með honum ekki síst hvernig hann breytist með árstíðum. Í hvert sinn sem nemendur fara á staðinn svara þeir ákveðnum spurningum um reitinn. Hvernig er hann á litinn? Hvernig hafa litir hans breyst? Er snjór á blettinum eða ekki? Býr einhver á skikanum þeirra? Nemendur teikna eða mynda skikann sinn eða tréð öðru hverju. Nemendur eru hvattir til að nota öll sín skilningarvit þegar þeir skoða staðinn sinn, horfa, þefa, hlusta, snerta.

Á þessum vef+:

Að eiga tré að vini (Á vettvangi)

Að horfa, hlusta, lykta, þreyfa og taka eftir (Leikjahugmyndir)